

## Gjaldskrá fyrir iðjuþjálfun 1. febrúar 2023

skv. reglugerð nr.1551/2022

	Sjúkratryggðir almennt (90%)	Aldraðir og öryrkjar (60%)	Börn 0 -18 ára (beiðni er skilyrði fyrir greiðsluþátttöku)
<b>Iðjuþjálfun á stofu, heimameðferð og þung meðferð*</b>	7.476 kr	4.984 kr	0 kr
<b>Viðbót vegna skoðunar</b>	8.078 kr	5.386 kr	0 kr
<b>Einföld meðferð ** / Hópmeðferð I ***</b>	5.164 kr	3.443 kr	0 kr
<b>Hópmeðferð II ****</b>	3.453 kr	2.302 kr	0 kr

\*Þung meðferð: Átt er við meðferð sjúklinga með útbreidd eða flókin vandamál sem eru mun umfangsmeiri en í almennri meðferð. Þetta á við um einstaklinga sem eru með miklar og útbreiddar hreyfiskerðingar og eru verulega háðir aðstoð við hreyfingar og flestar athafnir í daglegu lífi. Til dæmis mikið andlega- eða líkamlega fatlaða einstaklinga, einstaklinga með fjölaverka sem valda verulegri hreyfi- og færniskerðingu og þá sem orðið hafa fyrir skaða á miðtaugakerfi sem veldur útbreiddri hreyfi- og færniskerðingu.

\*\* Einföld meðferð: Notuð er ein tegund meðferðarforms þar sem leitast er við að beita gagnreyndri vitneskju á aðferðum innan iðjuþjálfunar. Gildir einnig fyrir börn yngri en 12 ára

\*\*\* Hópmeðferð I: Tveir til fjórir einstaklingar, með svipuð vandamál eða sömu sjúkdómsgreiningu eru í þjálfun samtímis og skal iðjuþjálfari vera með þeim allan tímann.

\*\*\*\* Hópmeðferð II: Fimm eða fleiri einstaklingar, með svipuð vandamál eða sömu sjúkdómsgreiningu en þó aldrei fleiri en 10, eru í þjálfun samtímis og skal iðjuþjálfari vera með þeim allan tímann.

ATH: Einföld meðferð og hópmeðferð telst sem hálf meðferð af heimild

**Sjúkratryggðir almennt greiða 90%** af heildargjaldi gegn framvísun beiðni um iðjuþjálfun. Í almanaksmánuði greiðir sjúkratryggður að hámarki 31.150 krkr. fyrir heilbrigðisþjónustu, en í hverjum mánuði að lágmarki 5.192 kr.

Aldraðir og öryrkjar greiða 60% af heildargjaldi gegn framvísun beiðni um iðjuþjálfun. Í almanaksmánuði greiða aldraðir og öryrkjar að hámarki 20.767 kr. fyrir heilbrigðisþjónustu en að lágmarki 3.461 kr.

**Börn 0-18 ára** greiða ekkert gjald fyrir iðjuþjálfun gegn framvísun beiðni um iðjuþjálfun. Skilyrði fyrir greiðsluþátttöku er að beiðni sé til staðar